

Ed.

## 441. Frumvarp til póslaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### I. KAFLI

#### Umönnun og skil póstsendinga.

##### 1. gr.

Póststjórnin veitir viðtöku til flutnings, umönnunar og skila:

- a. *Bréfasendingum* með utanáskrift. Þar til teljast bréf, spjaldbréf, bréfspjöld (einföld og með fyrirframgreiddu svari), verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru eða tvennt af þessum tegundum í sömu umbúðum). Bréf, verzlunarskjöl og prent mega vega allt að 2000 g, sýnishorn af vöru allt að 500 g og blandaðar sendingar allt að 2000 g, ef ekki er í þeim sýnishorn af vöru, annars 500 g. Prentað mál með upphleyptu letri fyrir blinda menn má vega allt að 7000 g hver sending.
  - b. *Bögglum* með áletraðri utanáskrift.
  - c. *Skrásettum bréfaþóstsendingum*. Öll þau bréf skulu vera skrásett, sem gjaldgeng mynt er lögð í, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sé tilgreind. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, sbr. 22. gr.
  - d. *Bréfaþóstsendingum og bögglum með tilgreindu verði* með áletraðri utanáskrift. Tilgreint verð má ekki vera hærra en sannvirði innihaldsins. Fullt verð sendingar þarf ekki að tilgreina, nema beðizt sé talningar, þegar sendingin er látin á póst.
  - e. *Póstávísunum*.
  - f. *Póstkröfum* á bréfaþóstsendingum og bögglum.
  - g. *Póstinnheimtum*.
  - h. *Blöðum og tímaritum*, sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skal telja sérhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það á að koma út einu sinni eða oftár á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur ekki yfir 500 g.
- Póststjórnin setur með reglugerð (sbr. 26. gr.) ákvæði um nánari skilyrði fyrir því, að sendingar þær, sem taldar eru undir liðunum a—h, séu teknar til póstflutnings, meðal annars um stærð sendinganna, þyngd böggla, hámarksupphæð póstávísana, póstkrafna og póstinnheimtusendinga, svo og gerð eyðublaða og notkun.

##### 2. gr.

Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 1. gr., hefir póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, og gera ákvarðanir, svo sem:

- a. Að ákveða, hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda.  
Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kilometra frá pósthúsi, nema innansveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss, eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.
- b. Að ákveða, hvort útbuður póstsendinga skuli framkvæmdur á kostnað póstsjóðs á vissum svæðum.
- c. Útbuð póstsendinga með hraðboða.
- d. Blaðaáskriftir, sendingu útgefandaprents og póstáritun blaða og tímarita.
- e. Útgáfu ferðapóstávísana.

- f. Pósttækka- og pósthæfslu-starfsemi (póstgiro).
  - g. Staðfestingu á innihaldi pósthendinga.
  - h. Vátryggingu fram yfir áritað verð.
  - i. Útgáfu skilríkisspjalda.
  - j. Útbýtingu á utanáskriftarlausum sendingum.
  - k. Flutning á farþegum og pósthöggjum með bifreiðum.
  - l. Að ákveða aukagjald fyrir flutning pósthendinga loftleiðis.
  - m. Innheimtu á opinberum gjöldum, svo sem tollum og afnotagjöldum útvarps.
  - n. Sölu greiðslumerkja.
- Nánari ákvæði um framkvæmd þessara starfa, svo og gjaldskrá fyrir þau, setur pósthjórnin með reglugerð (sbr. 26. gr.).

### 3. gr.

Með pósthum má ekki flytja:

- a. Hluti, sem bannað er að dreifa út, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi.
- b. Hluti, sem hætta er búin af að flytja, svo sem hluti, er auðveldlega getur kviknað í við núning, loftaðstreymi, þrýsting eða á annan hátt, sprenghætta og ætandi hluti, og hluti, sem sýkingarhætta getur stafað af, svo og daunilla hluti og hluti, sem sérstakir erfiðleikar eru á að flytja vegna þyngdar, lögunar eða ófullnægjandi umbúnaðar. Pósthjórninni skal þó heimilt að veita undanþágu fyrir slíka hluti, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af flutningi þeirra eins og frekast er unnt, með sérstökum ráðstöfunum, og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.
- c. Hluti þá til útlanda, sem bannaður er flutningur á samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða sérsamningum við önnur ríki.

Leiki grunur á, að sendingu beri að útiloka frá pósthflutningi, getur pósthjórnin krafizt þess, að sendingin sé opnuð í viðurvist pósthmanns af sendanda eða viðtakanda, ef svo ber undir. Sé kröfunni ekki sinnt, má pósthjórnin neita sendingunni viðtöku eða, sé hún komin í hennar vörzlur, fara með hana eins og sendingu, sem eigi verður komið til skila.

Sé þagað um innihald þesskonar sendinga eða rangt frá skýrt, á pósthjórnin heimting á bótum frá sendanda fyrir skaða þann, sem kann að hljóta af flutningi sendinganna, auk þess sem sendandi skal látinn sæta sektum samkv. 22. gr., nema þyngri refsing liggja við.

### 4. gr.

Umönnun og skil pósthendinga, sem getið er um í 1. grein, nær til flutnings þeirra milli pósthúsa, til að safna þeim saman úr bréfastösum, láta þær í pósthólf, gera aðvart um þær og að bera þær út til viðtakenda á þeim stöðum, þar sem slíkum útburði er komið á (sbr. 2. gr. b.).

## II. KAFLI

### Einkaréttur pósthjórnarinnar, þagnarskylda pósthanna, pósthleypnd m. m.

#### 5. gr.

Pósthjórnin hefir, með þeim undantekningum, sem nefndar verða í þessari grein, einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

- 1. Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.
- 2. Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í pósth, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent útfyllt með skrift.

3. Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum og útfylltum með skrift. Slikar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda í landinu eða flytjast áfram í transit yfir íslenskt póstsæði eða með íslensku póstskipi, skulu þegar í stað afhentar póststjórninni.
  4. Í bæjum, þar sem komið hefir verið á daglegum útburði póstréfa, má enginn reka það sem atvinnu, að safna saman, flytja eða bera út bréfaþótsendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a., c. og d.
- Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar á sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis utan póttösku sendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a. c. og d.

Þó eru þessar undanþágur:

- a. Þegar sendingarnar eru frimerktar samkvæmt töxtum póststjórnarinnar og frimerkin síðan gerð ógild þannig, að póststjórnin verður ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt sendingarnar séu sendar utan pósts.
  - b. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.
  - c. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna og annara sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu frá sérleyfi mega nota þessi flutningatæki sín til þess að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar einnar milli stjórnenda og starfsmanna og starfsmanna sín á milli.
- Öllum óviðkomandi er óheimilt að nota merki póst- og símamá'astjórnarinnar, póstflúður með stjörnu og örvum í gegn og með kórónu yfir.

Sömuleiðis er einstaklingum og stofnunum óheimilt að hengja upp á almanna-færi kassa, er að lit, lögum og gerð eru áberandi líkir bréfaþótsendingarinnar.

#### 6. gr.

- a. Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það, hvernig aðrir noti póstin, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskylda hvílir áfram á viðkomanda, þótt hann fari úr þjónustunni.
- b. Sendingar, sem ekki verður komið til skila, má póststjórnin opna eingöngu í því skyni að komast eftir, hver sendandi sé, svo auðið sé að afhenda honum sendinguna. Skal þetta gert samkvæmt reglum, er póststjórnin setur. Póststjórninni er og heimilt að leyfa opnun sendinga á fyllilega tryggan hátt í öðrum tilfellum, þegar það er nauðsynlegt vegna flutnings þeirra eða til þess að rannsaka og koma í veg fyrir skemmdir, sem sending kann að verða fyrir í pósti.
- c. Vald það, sem dómendum og lögreglustjórum er veitt að lögum til þess að krefjast í sérstökum tilfellum upplýsinga um notkun póstsins, opna pótsendingar til annara m. m., má eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar veita öðrum hliðstæðum yfirvöldum, einkum tollyfirvöldum, þegar nauðsynlegt þykir til framkvæmda á ákvæðum gildandi laga um eftirlit með inn- og útflutningi.

### III. KAFLI

#### Um póstferðir og póstflutning.

#### 7. gr.

Póststjórnin skal sjá um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún á sjálf, eða með öðrum farkosti, eftir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

8. gr.

- a. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til, er þess er krafizt, að flytja póst milli endastöðvanna og pósthúsanna á leiðinni.
- b. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að, og er útgerðarmanni eða félagi skylt að sjá um, að pósthúsningnum sé skilað á rétta staði á réttum tíma.
- c. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða félag ábyrgð gagnvart pósthúsninni á pósthúsningnum, á meðan hann er í vörzlum hans.

9. gr.

- a. Hvert skip, sem er íslensk eign, eða skip, sem menn, búsettir hér á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka bréfa- og blaðapóst til flutnings, ef þess er óskað.  
Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sé hlýtt.
- b. Hvert skip, sem fer frá höfn á Íslandi til útlendra eða innlendra hafna, er skyldugt að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, ef þess er krafizt.
- c. Sé skip í reglubundnum flutningaferðum, er það skyldugt til þess að taka til flutnings allskonar póstsendingar, og skal pósthúsninni heimilt að hengja upp í skipum þessum læsta pósthúsfakassa, þar sem hentugast þykir, og krefjast þess, að fyrir verðbréfa- og bögglaupóst sé haldið auðu plássi allt að 3 teningsmetrum.
- d. Útgerðarmenn, útgerðarfélag og skipstjórar skipa, sem starfrækja reglubundnar flutningaferðir, skulu skyldir til í tæka tíð að senda pósthúsninni áætlun um ferðir skipa sinna, svo og tilkynna henni tafarlaust allar þær breytingar, sem kunna að verða á áætluninni síðar.
- e. Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenskri höfn eða milli íslenskra hafna og eigi eru í áætlunarferðum (reglubundnum flutningaferðum), skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefir viðkomu á, frá ferð þess, hvaða dag og stund það ætli að halda burtu, og skal taka póst til flutnings, ef þess er óskað. Hafi hlutaðeigandi pósthús krafizt þess, að pósthúsningur verði fluttur með skipinu, má það ekki fara fyrir þann tíma, sem ákveðinn hefir verið, nema pósthúsningurinn sé áður kominn á skip.
- f. Pósthúsninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að honum. Verði skip fyrir áföllum eða strandi, ber skipstjóra og skipshöfn að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til bjargar pósthúsningnum og koma honum áleiðis til næsta pósthúss.
- g. Neyðist skipstjóri til þess að leita annarar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann tilkynna pósthúsinu á staðnum, eða ef ekkert pósthús er, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, að hann hafi pósthúsning meðferðis, og fara eftir ráðstöfunum þeim, sem þá kunna að verða gerðar og honum verður frá skýrt.
- h. Þegar skipstjóri kemur á ákvörðunarstað, skilar hann tafarlaust pósthúsningi og bréfakössum á pósthúsinu á staðnum.
- i. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða útgerðarfélag ábyrgð gagnvart pósthúsninni á pósthúsningnum frá því við honum er tekið til útskipunar og þar til hlutaðeigandi pósthús hefir tekið við honum gegn kvittun án athugasemda.

10. gr.

Lofför eru skyldug til, eftir áskorun pósthúsnarinnar, að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, eftir því sem rúm og burðarmagn leyfir.

11. gr.

Verði landpóstur eða fargögn þau, sem póstur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða þurfi þeir af öðrum ástæðum aðstoðar við til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað, gegn sanngjarnri borgun, að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem hann getur í té látið.

Skyldir eru menn að vikja úr vegi fyrir póstlest eða póstbifreiðum, þegar merki er gefið í hæfilegri fjarlægð.

12. gr.

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum, þó ekki hærri en 10 aura fyrir hvert kílógramm, nema sérstaklega sé um samið.

#### IV. KAFLI

##### Um burðargjöld og aðrar póstgreiðslur.

13. gr.

Ráðherra sá, er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, ríkisburðargjaldið fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 1. gr. a—h.

Staðartaxta, burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, ákveður póststjórnin, sbr. 2. gr. a., svo og aukagjald, er taka skal fyrir verðsendingar og böggla, sem eigi hafa farið úr vörzlu póststjórnarinnar, en eiga að sendast lengri veg en utanáskrift segir, eða endursendast til upprunastaðar. Fyrir áfram- eða endursendingu annara sendinga en verðsendinga og böggla skal ekki greiða aukagjald. Fyrir bréf, sem eftir utanáskriftinni eiga aðeins að fara um svæði, sem staðartaxti gildir um, skal þó greiða viðbótargjald, ef bréfið á að fara út fyrir það svæði, og nemur viðbótargjaldið mismun burðargjaldanna, ef bréfið er fullfrimerkt fyrir staðartaxta. Sé slíkt bréf vanfrimerkt eða ófrimerkt, reiknast burðargjaldið samkvæmt ríkistaxta.

Burðargjöld þau, sem ákveðin eru samkvæmt þessari grein, skulu greidd fyrirfram fyrir: skrásett bréf, bréf með tilgreindu verði, böggla, póstávisanir, póstkröfur, móttökukvittanir, prent, sýnishorn af vörum, verzlunarskjöl, blindraprent, blöð og tímarit samkvæmt h-lið 1. gr., bréfspjöld og bréf, sem eru opin, eða utan á þau ritað, svo að móttakandi getur ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda, sendingar til konungs og konungsættingja, sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum bréfum, sem eru frá öðrum en þessum aðilum, þegar þau eru aðeins umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir og sendandi hefir með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni.

Sendendur eru skyldir til að greiða eftir á bæði burðargjald, sem af vangá kann að hafa láðst að krefja um, þegar sendingin er póstlögð, svo og burðargjald fyrir þær sendingar, sem eigi eru leystar út af viðtakendum, ef póststjórnin krefst þess.

Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar bréfasendingar, og sendingar, sem annars eiga að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald. Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

14. gr.

Gjaldfrjálsar innan hins islenzka póstsvæðis skulu vera allar þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frígengar í alþjóðapóstþjónustunni. Ennfremur allar póst- og símaembættissendingar innan póst- og símastofnunarinnar.

Að öðru leyti er engin undantekning frá burðargjaldsskyldu.

Til þess að borga undir sendingar, sem ríkissjóður endurgreiðir burðargjaldið fyrir eftir reikningi, má nota þjónustufrimerki. Nánari reglur um þetta, svo og um reikningsskilin, skal setja í reglugerð þeirri, sem um getur í 26. gr.

#### 15. gr.

Fyrir störf þau, sem nefnd eru hér á eftir, skal sendandi greiða gjöld, sem pósthjórnin ákveður:

fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu,  
fyrir að setja á merki, sem þörf er á,  
fyrir að búa um peningabréf (þar með talið lakk til innsiglis),  
fyrir að skrifa utan á sendingu,  
fyrir að fylla út fylgibréf eða póstávisun.

Ennfremur er pósthjórninni heimilt að ákveða og taka gjöld fyrir að annast, eftir beiðni viðtakanda, leiðréttingu á utanáskrift sendinga til þeirra, er þeir t. d. hafa bústaðaskipti um stundarsakir (í sumardvöl eða fríum), og fyrir að geyma böggla fram yfir tilsettan tíma.

#### 16. gr.

Pósthúsin skulu láta sendendum ókeypis í té kvittanir fyrir skrásettum sendingum, sendingum með tilgreindu verði, póstávisunum, póstinneimtubréfum, sendingum með þjónustufrimerkjum, og fyrir blöðum og tímaritum samkvæmt h-lið 1. greinar.

Kvittanir skulu látnar í té annaðhvort í postkvittunarbækur, sem pósthjórnin býr til og eiga að vera til sölu á pósthúsum fyrir ákveðið verð, sem pósthjórnin setur, eða á eyðublöð, sem pósthjórnin gefur út.

Sé kvittað í postkvittunarbók, ber sendanda sjálfum að færa sendingarnar inn í hana í rétta dálka. Einnig má krefjast þess af sendanda, að hann fylli sjálfur út kvittanaeyðublað eins og texti þess segir til um.

Séu margar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda settar á post samtímis, má postmaður setja þær allar á sömu kvittun.

Fyrir almenn bréf og aðrar sendingar, sem ekki eru skrásettar eða engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar kvittanir.

#### 17. gr.

Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frimerki, þar í talin álimd og áprentuð almenn frimerki og þjónustufrimerki og ástimplanir frimerkjavéla, sem pósthjórnin löggildir.

Burðargjald fyrir blöð og tímarit samkvæmt 1. gr. h. skal greiða í peningum. Sendendum ber sjálfum að frimerkja sendingar sínar.

Pósthjórninni er heimilt að búa til eða láta búa til frimerki, spjaldbréf, bréfsþjöld, umslög og því um líkt, með áprentuðum frimerkjum með þeim verðupphæðum, sem hún álitur haganlegt, og skulu þau vera til sölu á öllum pósthúsum.

Ennfremur er pósthjórninni heimilt að láta prenta frimerki á umslög og bréfsþjöld, sem búin eru til af einkafyrirtækjum, svo og að stimpla sendingar með frimerkjastimplum fyrir burðargjaldinu eða öðrum stimplum, er sýni, að það sé greitt.

Pósthjórnin lætur búa til eyðublöð undir póstávisanir, postkröfur, póstinneimtur, fylgibréf, postkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

Fyrir bréfsþjöld og önnur eyðublöð með áprentuðum frimerkjum er pósthjórninni heimilt að bæta við hæfilegu álagi fyrir kostnaði.

Fyrir sölu á frimerkjum og eyðublöðum með áprentuðum frimerkjum greiðast samkvæmt reglum, er pósthjórnin setur, 4 af hundraði.

Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frimerkjunum fyrir burðargjaldi

sendingarinnar eign póststjórnarinnar um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.

Öllum er óheimilt að nota í öðrum viðskiptum en póstviðskiptum eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út og selur.

## V. KAFLI

### Afhending póstsendinga.

#### 18. gr.

Sendandi hefir ráðstöfunarrétt yfir sendingu þeirri, sem hann hefir látið á póst, þangað til henni er skilað til viðtakanda, og getur hann þangað til krafizt þess, að hún sé endursend, afhent öðrum en þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða ráðstafað henni á annan hátt.

#### 19. gr.

- a. Póstsendingar skal afhenda þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða þeim, er viðtakandi hefir gefið umboð til þess að taka við sendingunni.  
Um afhendingu póstsendinga til ópersónulegra viðtakanda, svo sem firma, hlutafélaga, stofnana o. s. frv., setur póststjórnin nánari fyrirmæli.  
Fyrir afhendingu skrásettra sendinga, sendinga með tilgreindu verði, svo og fyrir útborgaðar póstaúvísanir, póstkröfu- og póstinnheimtuáúvísanir, skal póststjórnin krefjast löggildrar kvittunar.
- b. Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er utanáskriftin segir til um:
  1. Sendingar frá eða til manna, sem eru í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða til rannsóknardómarans.
  2. Sendingar, sem dómarar eða lögreglustjórar eða önnur yfirvöld, er með sérstökum lögum hafa öðlazzt slíkt vald, úrskurða að skuli afhentar sér, skal afhenda samkvæmt úrskurðunum.
  3. Sendingar til manna, sem eiga bú sin undir skiptum, má afhenda skiptaráðendum, að undanteknum almennum bréfum, sem eru árituð „einkabréf“ eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf.
  4. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim.
  5. Um sendingar þær, sem ekki skal afhenda gegn kvittun, setur póststjórnin nánari reglur um, hvernig megi afhenda þær öðrum en viðtakanda og á hvaða hátt, t. d. láta þær í bréfaúassa.
  6. Póststjórnin setur einnig reglur um afhendingu sendinga, sem kvittun á að taka fyrir, þegar ekki næst til viðtakanda sjálfs til að gefa kvittunina, vegna einangrunar eða sóttnæmi.
- c. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er búin hafa til meðferðar, nema sendandi með sérstakri ráðstöfun eða áritun á sendinguna, t. d. „persónulega“, hafi tilkynnt, að sendingin skuli endursendast.

## VI. KAFLI

### Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

#### 20. gr.

Glatist skrásett bréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda allt að 60 kr. í skaðabætur.

Sé innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og fullnægt hefir verið nánari skilyrðum, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu. Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 60 krónum.

Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það er í vörzlum pósthúsanna, þætir pósthúsin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var á bréfinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur pósthúsin sett það skilyrði fyrir skaðabótageiðslu, að eignarrétturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sé framseldur henni.

Komist það upp, að verð pósthendingar sé í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

Þegar pósthávisanir, pósthrófur og pósthinnheimtur hafa verið borgaðar pósthmanni eftir settum reglum, þer pósthjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og pósthmaður eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 26. gr.

Hafi pósthrófusendingin glatazt eða skaddast, eða þá innihaldið glatazt allt eða eitthvað af því í vörzlum pósthúsanna, er eigi hægt að heimta upphæð pósthkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún telst til.

Sé pósthrófusending afhent viðtakanda án þess að pósthkrafan hafi verið innheimt, hefir sendandi rétt til að heimta, að pósthrófuupphæðin sé borguð sér af pósthjórninni.

Týnist böggulsending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum pósthúsanna, þætir pósthjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert ½ kílógramm af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrr er sagt um bréf með tilgreindu verði.

Sé sending týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefir verið.

Sendingar eru í vörzlum pósthúsanna frá því að þeim er veitt viðtaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eftir því sem utanáskriftin segir, eða sé staður sá, sem sendingin á að fara til, fyrir utan pósthvæði Íslands, þá þangað til hún er afhent hlutaðeigandi pósthjórn erlendis til frekari fyrirgeiðslu. Glatist pósthending eða skemmist á erlendu pósthvæði, er pósthjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eftir því sem alþjóðasamningar segja, eða sérsamningar þeir, sem gerðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

Skaðabætur greiðast ekki:

- a. Þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum.
- b. Þegar sending hefir eigi skaddast að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmt eða aflagast; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósködduð eða ekki, ef það fé var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.
- c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

Ráðherra getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugerð.

Bætur þær, sem pósthjórnin á að gjalda, eftir því sem nú er sagt, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatazt hefir, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans, og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að pósthjórnin fékk tilkynningu um vanskilin.

Bæturnar greiðast viðtakanda, þegar hann tekur við sendingunni, annars sendanda.

Pósthjórnin er ekki skyldug til að greiða skaðabætur fyrir týndar sendingar eða peningaupphæðir, sem ekki er hægt að sýna pósthkvittun fyrir, nema



það komi í ljós af bókum pósthjónnarinnar eða sannist á annan óyggjandi hátt, að sendingin hafi verið látin á póst.

Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

#### 21. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafizt hjá pósthjónninni eða pósthúsi innan árs frá því, er sendingin var látin á póstinn eða peningaupphæðin innborguð.

### VII. KAFLI

#### Um brot gegn pósthöggunum.

#### 22. gr.

Brot gegn ákvæðum 3., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar varða sektum frá 5 til 500 kr., nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum.

Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt pósthjónnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefir verið ólöglega.

Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu pósthjónnarinnar.

Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast pósthflutninga á landi eða sjó, pósthjónninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi.

Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka ríkissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjald en þeim ber, skulu sæta 5 til 500 kr. sektum.

Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar e skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er, þó ekki yfir 20 krónur.

#### 23. gr.

Pósthjónnin ákveður sektir samkvæmt 22. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

Fyrir brot á ákvæðum 5. greinar má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim, sem flutt hefir sendinguna, eða þeim báðum.

Ef maður vill eigi una sekt, er pósthjónnin hefir úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfis mánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá fara með það að hætti opinberra mála.

Pósthjónninni er heimilt, ef ástæður mæla með, í einstökum tilfellum, að færa ofangreindar sektir niður eða gefa þær upp með öllu.

Ofangreindar sektir má fimmfalda þegar miklar sakir eru, auk þess sem pósthjónninni er heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá pósth sambandi um óákveðinn tíma, þannig að hvorki séu fluttar til þeirra pósth sendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

Á sama hátt skal og pósthjónninni heimilt að svipta menn pósth sambandi, er gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

Allar sektir og undandregið burðargjald má innheimta með aðför, og rennur hvorttveggja í pósthjóð.

### VIII. KAFLI

#### Ýmisleg ákvæði.

#### 24. gr.

Pósth sendingar þær, sem eigi er hægt að skila viðtakanda né endursenda sendanda, skal selja pósthjóði í hag, og setur pósthmálaráðherra um það nánari fyrir-

mæli. Segi réttur eigandi til sín innan 3 mánaða, eftir að salan hefir farið fram, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörzlum pósthjónnarinnar, er henni heimilt að halda honum eftir, eða því, sem hann hefir inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum, eða því, sem hann hefir inni að halda.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera undanþágur frá ákvæðum þessara laga um innanríkissendingar, ef ákvæði um slíka undanþágu er tekið upp í alþjóðapóstsamninga eða sérsamninga, sem Ísland hefir undirskrifað.

26. gr.

Reglugerðir um framkvæmd á lögum þessum setur pósthjónnin eftir þörfum.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi nurnin pósthög, nr. 5 7. maí 1921, og seinni lagaákvæði í sambandi við þau í lögum nr. 3 27. marz 1925, nr. 29 23. júní 1932 og nr. 89 26. apríl 1935, og ennfremur sérhver önnur ákvæði, sem koma í bága við reglur þær, sem settar eru í þessum lögum og ekki byggjast á samningi, sem Ísland er aðili að.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.